

MENTUN.

Í daglegu máli er oft talað um mentaða og ómentaða menn. Mentaðir menn eru þeir sem hafa gengið skóla-vegin, sem kallað er, það er að segja, þeir sem hafa eytt nokkrum árum við nám í einhverjum svo kölluðum hærri skólum. Ómentaðir eru þeir sem hafa annaðhvort ekki gengið á neinn skóla eða þá að eins á alþýðuskóla. Mentuðu mennirnir eru fáir í samanburði við hina; þeir eru ein konar útvalinn flokkur, sem hefir alþekkingu á sínu valdi. Hinir ómentuðu, aftur á móti hafa litla þekkingu, eða það má ekki við öðru birst hjá þeim. Og svo er þeirra þekkingu í rauninni ekki mentun, því þá vantar mentunarinnsgildið, sem skólagangan setur á menn. Auk þessara tveggja, vel aðgreindu flokka, eru til tveir aðrir, sem standa eins og mitt á milli þeirra: hálfmentaðir menn og sjálfmentaðir menn. Hálfmentaðir eru þeir, sem ekki hafa komist nógu langt í skólagöngunni til þess að